

## Atli Harðarson

### Umbótaplágan

Samræmd próf í lesskilningi og læsi á stærðfræði og náttúrufræði, sem kallast PISA, hafa verið lögð fyrir 15 ára unglunga í tugum landa á þriggja ára fresti frá aldamótum. Árangur íslenskra unglunga á prófinu sem var lagt fyrir 2015 er heldur dapurlegur. Þeir standa sig verr en jafnaldrar á öðrum Norðurlöndum og útkoman er líka lakari en verið hefur hjá nemendum hér á landi. Árið 2009 var einkunn íslenskra nemenda til dæmis skárri að jafnaði en meðaltal OECD landa en nú var hún síðri. Um þetta má lesa í skýrslu sem liggur frammi á vef Menntamálastofnunar.

*Árangur 15 ára unglunga á PISA prófi 2015 vekur spurningar um hvort „umbætur“ séu að eyðileggja íslenska skóla.*

Ég veit ekki fremur en aðrir hvað veldur þessari hraklegu útkomu. Mér finnst ekki ótrúlegt að hún standi í einhverju sambandi við hreyfingarleysi og óholla lífshætti. Ég get mér samt til að önnur ástæða vegi þyngra. Áður en ég greini frá tilgátu minni ætla ég að rifja upp svolitla sögu.

Þegar PISA könnun var fyrst lögð fyrir árið 2000 héldu flestir sem höfðu skoðun á málinu að finnskt skólakerfi væri frumstætt. Fjárútlát til þess voru með minna móti og kennslustundir sem nemendur fengu á ári færri en víða annars staðar. Finnar höfðu ekki breytt skólum sínum í samræmi við nýjustu tísku í opinberum rekstri, þar sem átti að líkja eftir samkeppni á markaði. Það bættist svo við annan útkjálkabrag hjá þeim að kennarar og skólar höfðu sjálf-ræði um námsefni og námsmat. Lítið var um stöðlun og aðhald af hálfu stjórnvalda. Það kom því verulega á óvart að finnskir unglingar voru í efsta sæti og stóðu sig betur en jafnaldrar í öðrum löndum. Um þetta má lesa í bók eftir Pasi Sahlberg sem heitir *Finnish Lessons* og kom út árið 2011.

Sahlberg hóf feril sinn sem kennari í stærðfræði og raungreinum við finnskan menntaskóla en gegnir nú prófessorstöðum í menntavísindum við háskóla bæði í Finnlandi og Bandaríkjunum. Hann er einn þeirra fræðimanna sem mest hafa rannsakað niðurstöður PISA kannana. Í *The Handbook of Global Education Policy* sem kom út fyrr á þessu ári (2016) er kafli eftir hann þar sem segir meðal annars að PISA prófin hafi ýtt undir viðleitni stjórnvalda til „umbóta“ í menntamálum eða það sem hann kallar „the Global Education Reform Movement“ og skammstafar GERM. Þessi skammstöfun er orðaleikur því „germ“ getur merkt sýkil og Sahlberg líkir umræddri viðleitni við plágu sem herjar á menntakerfi heimsins.

Hann segir að helstu einkenni þessarar umbótaplágú séu að stjórnvöld: Noti samræmdar mælingar á árangri til að veita skólum aðhald; Staðli námskröfur og kennsluhætti; Komi á samkeppni milli skóla; Auki áherslu á lestur, stærðfræði og náttúrufræði á kostnað annarra greina; Noti aðferðir sem hafa mótast hjá fyrirtækjum á markaði til að innleiða breytingar. Í stuttu máli lýsir hann þessum faraldri svo að hann auki á ýmis einkenni sem finnska skólakerfið hafði í minna mæli en skólakerfi flestra annarra landa þegar í ljós kom að það skaraði fram úr. Og hver er árangurinn? Greining Sahlbergs sýnir að í löndum þar sem mest kveður að „umbótum“ af þessu tagi fara einkunnir á PISA prófum lækkandi.

Samkenni þessa stjórnunarlega bægslagangs sem spillir árangri skóla virðist vera lítið traust til kennara, tilraunir til að veita þeim aðhald, passa að þeir innleiði réttar breytingar og þar fram eftir götunum. En víða þar sem niðurstöður PISA eru með betra móti, segir Sahlberg, hafa kennarar faglegt sjálfstæði og ákveða bæði hvað er kennt og hvernig árangur nemenda er metinn.

Það er svo sem gömul saga og ný að traust og virðing laða fram það besta sem í mönnum býr. Það er líka gömul saga og ný að það er ekki hægt að kenna öðru vísi en eftir eigin höfði og fáir gera það vel undir mikilli pressu. Í skóla þarf að vera slaki á tímanum, ráðrúm til að endurtaka og byrja upp á nýtt, grípa óvænt tækifæri sem upp koma, bregða á leik og fara alls konar útúrdúra.

Þetta var sagan og nú kemur tilgátan. Ég get mér til að vandi okkar sé sama umbótaplágan og herjar á menntakerfi margra landa. Þessi plága er ráðríki, ofstjórn og vantraust. Allt þetta er borið fram í bland við kröfur um að kennsla sé löguð að þankagangi sem á kannski við í fyrirtækjum sem framleiða vörur og þjónustu í samkeppni um hylli kaupenda, en minnkar hvorki kostnað né bætir árangur í skólum.

Mér þykir þessi tilgáta sennileg vegna þess að mín takmarkaða reynsla kemur þokkalega heim við það sem Sahlberg segir. Mér hefur sýnst að kennarar lagi starf sitt að þörfum nemenda þegar þeir geta treyst því að það sem þeir byggja upp í dag verði ekki jafnað við jörðu með einhverjum miðstýrðum stórfamkvæmdum á morgun.

Ef kennarar á hverjum stað fá að gera sínar umbætur í friði fyrir stjórnvöldum þá er von til að kerfið mjakist smám saman í rétta átt. Fyrsta skref út úr ógöngum skólanna gæti til dæmis verið að fjarlægja stimpilklukkurnar. Þær eru sýnilegustu táknið um að lítið sé á kennara sem lítilþæga undirsáta fremur en fagmenn sem við treystum.